

## REGLUR

### um breytingu á reglum um rannsóknamisseri kennara við Háskólann á Akureyri, nr. 355/2012.

1. gr.

Í stað „20. gr.“ í inngangi reglnanna kemur: 21. gr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglnanna:

a. a-liður 1. gr. reglnanna orðast svo:

Háskólakennarar, þ.e. prófessorar, dósentar, lektorar og aðjúnktar, við Háskólann á Akureyri geta sótt um rannsóknamisseri að uppfylltum þeim skilyrðum sem tilgreind eru í liðum b-g hér á eftir. Heimild til rannsóknamissersis er ekki veitt nema viðkomandi kennari hafi sinnt fullri kennslu- og stjórnunarskyldu næstliðin sex eða tólf misseri þegar veitt rannsóknamisseri hefst og fer það eftir því hvort sótt er um eitt eða tvö samfelld rannsóknamisseri. Réttur til rannsóknamissersa safnast ekki upp á ráðningartíma starfsmanns heldur hefst nýtt tímabil að loknu hverju rannsóknamisseri.

b. Í stað orðanna „Fastráðnir kennarar“ í c-lið 1. gr. reglnanna kemur: Háskólakennarar.

c. Í stað orðanna „Fastráðnir kennarar“ í e-lið 1. gr. reglnanna kemur: Háskólakennarar.

3. gr.

Í stað „20. gr.“ í 8. gr. reglnanna kemur: 21. gr.

4. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar voru af háskólaráði eru settar á grundvelli laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla, sbr. einnig 21. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri, nr. 387/2009, öðlast þegar gildi.

*Háskólanum á Akureyri, 27. ágúst 2020.*

**Eyjólfur Guðmundsson** rektor.

---

B-deild – Útgáfud.: 1. september 2020